

Ed.

511. Breytingartillögur

[204. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í efnahagsmálum og fjármálum til þess að stuðla að jafnvægi í þjóðarbúskapnum og treysta undirstöðu atvinnu og lífskjara.

Frá Ragnari Arnalds.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að lækka almenn rekstrarútgjöld samkv. fjárlögum ársins 1975 um allt að 1500 milljónir króna, enda sé þess gætt að slík lækkun útgjalda hafi engin áhrif á fjárveitingar til verklegra framkvæmda né heldur á framlög til félagsmála.

2. Við 2. gr. Við greinina bætist:

Þó skal framangreindur frádráttur vegna vinnu eiginkonu bónda við búrekstur aldrei nema lægri fjárhæð en 268 000 kr., enda gegni hún ekki öðrum launuðum störfum.

3. Við 9. gr.

a. A-liður orðist þannig:

Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

1. Hjá einstaklingi og hjónum telji þau fram hvort í sínu lagi: Af fyrstu 600 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af skattgjaldstekjum yfir 600 000 kr., en undir 1 500 000 kr. greiðist 40%, af skattgjaldstekjum 1 500 000 kr. til 2 500 000 kr. greiðist 45% og af skattgjaldstekjum yfir 2 500 000 kr. greiðist 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 1. eða 3. tl. B-liðar þessarar greinar, eftir því sem við á.
2. Hjá hjónum sem samsköttuð eru, sbr. 3. gr. laga þessara og einstökum foreldrum, sem halda heimili og framfæra þar börn sín: Af fyrstu 850 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af skattgjaldstekjum 850 000 kr., en undir 1 750 000 kr. greiðist 40%, af skattgjaldstekjum 1 750 000 kr. til 2 750 000 kr. greiðist 45% og af skattgjaldstekjum yfir 2 750 000 kr. greiðist 50%. Frá þeirri fjárhæð skal síðan dreginn persónuafsláttur skv. 2. tl. B-liðar þessarar greinar.

b. 2. málsg. C-liðar orðist svo:

Af heildarupphæð barnabóta greiðast til framfæranda barns 20 000 kr. með hverju barni. Upphæðin breytist í samræmi við skattvísitölu. Eftirstöðvum skal varið til greiðslu eftirtalinna opinberra gjalda framfærandans í þessari forgangsröð:

1. Tekjuskatts sem á er lagður á greiðsluárinu skv. A-lið þessarar greinar.
2. Annarra þinggjalda sem á eru lögð á greiðsluárinu.
3. Ógoldinna þinggjalda frá fyrri árum.
4. Útsvars sem á er lagt á greiðsluárinu.
5. Aðstöðugjalds sem á er lagt á greiðsluárinu.

c. 3. málsg. C-liðar orðist svo:

Eftirstöðvar, ef einhverjar verða, greiðast framfæranda. Framfærandi getur farið fram á að heildarupphæð barnabóta renni óskert til greiðslu ofantalinna opinberra gjalda. Fjármálaráðherra skal ákveða gjalddaga útborgaðra barnabóta ár hvert. Búi foreldrar barns, sem ekki er fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs þegar skattur er á lagður, saman ógift telst faðir barnsins framfærandi þess skv. þessum staflið, en heimilt er samkvæmt reglugerð, sem fjármálaráðherra setur, að draga frá barnabótum greiðslu opinberra gjalda móður barnsins (barnanna) að því marki sem eftirstöðvum nemur á sama hátt og í sömu forgangsröð og fyrir er mælt í 2. mgr. þessa stafliðar.

4. Við ákvæði til bráðabirgða í lok II. kafla á eftir 12. gr. bætist nýr stafliður, svo hljóðandi:

Við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1975 skulu fyrningar reiknaðar samkv. ákvæðum 15. gr. gildandi skattalaga, með því fráviki, að engar flýti-fyrningar skulu leyfðar né heldur verðbreytingar eigna samkvæmt verðhækkunarstuðli. Afskriftaverð (afskriftastofn) eigna skal því vera hið sama og s. l. ár, eða hliðstætt sé um nýjar eignir að ræða.

5. Við 16. gr. Fyrri efnismálsg. orðist svo:

1. mgr. 26. gr. laga nr. 8/1972 hljóði svo:

Útsvar skv. 25. gr. hjá hjónum, sem telja fram sameiginlega, og einstæðum foreldrum, sem hafa fyrir heimili að sjá, skal lækka um 10 500 kr. og útsvar einstaklinga um 7 500 kr. Telji hjón fram hvort í sínu lagi skal hvort um sig fá samsvarandi lækkun og einstaklingur. Fyrir hvert barn innan 17 ára aldurs, sem gjaldandi hefur á framfæri sínu, skal lækka útsvar hans um 2 700 kr.

Hafi gjaldandi fleiri en 3 börn innan 16 ára aldurs á framfæri sínu skal enn fremur lækka útsvar hans um 5 400 kr. fyrir hvert barn umfram 3. Fjárhæðir þessar skulu breytast í samræmi við skattvísitölu eins og hún er á hverjum tíma, sbr. 53. gr. laga nr. 68/1971 með síðari breytingum.

6. 32. gr. orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka erlent lán að jafnvirði allt að 5600 millj. kr. Af þeirri fjárhæð er heimilt að endurlána Framkvæmdasjóði 2800 millj. kr., en 2800 millj. skal ráðstafað svo sem fyrir er mælt í 33. gr.

7. Við 33. gr. Við upptalningu undir orkumál bætist nýr stafliður:

f. Stofnlína milli Suðurlands og Norðurlands og undirbúningur að stofnlínum frá því orkuveitusvæði til Vestfjarða og Austfjarða.